

Mánudaginn 30. mars 1992.

Nr. 129/1992. **Jóhanna Tryggvadóttir**
og Heilsuræktin
 gegn
Steinunni Kristjánsdóttur.

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. mars 1992. Kærður er úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðar, sem kveðinn var upp sama dag í bæjarþingsmáli nr. 576/1991.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp af Gunnari Aðalsteinssyni héraðsdómara. Úrskurðurinn er án forsendna, og er úrskurðarorð svohljóðandi:

„Kröfu stefndu um frávísun málsins er hrundið.“

Úrskurði, sem hafnar kröfu um frávísun máls frá héraðsdómi, verður ekki skotið einum sér til Hæstaréttar með kæru samkvæmt 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Ber því að vísa kæru sóknaraðila sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Kærumáli þessu er vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Sóknaraðilar, Jóhanna Tryggvadóttir og Heilsuræktin, greiði varnaraðila, Steinunni Kristjánsdóttur, 20.000 krónur í kærumálskostnað.